

20. sept. 1978.

677

Nr. 319.

REGLUGERÐ um bann við togveiðum í Djúpál.

1. gr.

Þangað til öðru vísi verður ákveðið, eru veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði í Djúpál, sem markast af línnum dregnum milli eftirgreindra punkta:

1. 66°42,5 N 24°23 V
2. 66°43,5 N 24°10 V
3. 66°39,5 N 24°03 V
4. 66°38,0 N 24°15 V

2. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar, skal farið að hætta opinberra mála og varða brot refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. september 1978.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.